



Stjórnarfundur haldinn 20. jan. 2005 kl:17:30

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Birgir, Guðjón og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Engar athugasemdir.

2. Innkomin bréf.

Bréf frá RNB v/reglur um reikninga til Reykjanesbæjar.

Bréf frá AX hugbúnaðarhúsi v/breytingar á gjaldskrá.

Bréf frá UMFÍ v/yfirlit yfir lottógreiðslur og greiðslur félagsins til UMFÍ 2004.

3. Send bréf.

Bréf sent til Sparisjóðsins í Keflavík vegna yfirdráttarheimildar til handa knattspyrnudeild Keflavíkur.

4. Aðalfundir deilda Keflavíkur og félagsins.

Aðalfundir deilda og félagsins hafa verið auglýstir á heimasíðu félagsins jafnframt því að auglýst er í staðarblöð. Fundirnir fara fram í félagsheimili okkar að Hringbraut 108.

5. Önnur mál.

Kári Gunnlaugsson sagði frá því að fyrrum félagar úr KFK ætla að halda Sigurði Steindórssyni hóf í Stapa laugardaginn 29. janúar 2005 honum til heiðurs.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 18:05.

